

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá samvinnunefndinni í launamálum.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum: »ókeypis húsnæði« komi:
í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera.
2. — 8. — Í stað orðanna í 2. málsg. : »Engu síður . . . greitt til sjóðsins« komi:
En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sín eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna.
3. — 8. — Aftan við greinina komi:
Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá timi, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.
4. — 9. — Í stað »500« í 2. málsg. komi:
1000.
5. — 10. — Í stað greinarinnar komi ný grein, svo bljóðandi:
Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.
Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.
6. — 11. — Tvær fyrstu línur 2. málsgreinar orðist svo:
Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norður-Múlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar.
7. — 11. — Úr 3. málsgrein falli:
Dala- og Strandasýslu.
8. — 11. — Á undan »Barðastrandarsýslu« falli burt orðið: »og«, en á eftir komi:
Dalasýslu og Strandasýslu.
9. — 11. — Síðasta málsgrein orðist svo:
Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.
10. — 11. — Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.
11. — 12. — Í fyrstu málsgrein breytast þessar tölur:
»5000« í 6000, »6000« í 7000 og »1000« í 1500.

12. Við 12. gr. Í staðinn fyrir 2. og 3. málsgrein komi:

Hjeraðslæknarnir í Reykjavík, Hafnarfjarðar, Keflavík, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Síðu, Hornafjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Hróarstungu, Seyðisfjarðar, Húsavík, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Stykkishólms, Ólafsvík, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Berufjarðar, Fljótsdals, Pistilfjarðar, Axarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hólmavík, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bíldudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólahjeruðum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500 kr.

Núverandi aðstoðarlæknir á Ísafirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækkar á sama hátt upp í 3500 kr.

13. — 12. — Fyrir orðin í síðustu málsgrei.: »er ráðherra . . . landlæknis« komi: þeirri, er nú gildir.

14. — 13. — Aftan við síðari málsgrein bætist:
Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

15. — 14. — Greinin orðist svo:
Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

16. — 15. — Í stað »þriggja« í 3., 4. og 5. málsgrein komi: tveggja.

17. — 15. — Í stað »2000« í 4. málsgrein komi: 2400.

18. — 15. — Í stað »1200« í síðustu málsgrein komi: 1600
og í stað »2000« komi: 2400.

19. — 15. — Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Póstmaður sá, sem er gjaldkeri í brjefapóststofunni í Reykjavík, hefir auk launa sinna $\frac{1}{6}$ ‰, alt að 500 kr. á ári, af póstávísanafje því, er hann tekur við og greiðir.

20. — 16. — Úr 2. málsgrein falli »og stöðvarstjóri«, en á eftir málsgreininni komi ný málsgrein:
Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

21. — 16. — Í stað »3 ára« og »3 ár« í öllum málsgreinum hjer á eftir komi: 2 ára og 2 ár.

22. Við 16. gr. Á eftir orðinu: »Akureyri« í 3. málsg. komi:
og fulltrúi stöðvarstjórans á Seyðisfirði.
23. — 16. — Aftan við sömu málsgrein komi:
Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á
aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.
24. — 16. — Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein:
Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200
kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í
3200 kr.
25. — 16. — Í stað »talsímameyjar« í síðustu málsgrein komi:
Talsímakonur
og í stað »100« og »1300« komi:
200 og 1500.
26. — 16. — Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Ábalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr.
á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp
í 3000 kr.
27. — 17. — Í stað: »Vegamálastjóri og vitamálastjóri« komi:
Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari.
28. — 22. — Fyrri málsgrein orðist svo:
Biskup hefir að byrjunarlaunum 6500 kr., sem hækkar eftir 5 ár
upp í 7000 kr.
29. — 22. — Fyrir »fimm« í síðari málsg. komi:
þrjú.
30. — 22. — Við greinina bætist ný málsgrein:
Prófastar hafi í laun: 400 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr.,
og 700 kr., þeir, sem nú hafa 200 kr.
31. — 23. — Fyrir »4500« í fyrri málsgrein komi:
5000
og síðari hluti málsgreinarinnar orðist svo:
en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og
400 kr. upp í 6000 kr.
32. — 23. — Síðari málsgrein orðist svo:
Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin
hækka á sama hátt upp í 4500 kr.
33. — 24. — Fyrir 2. og 3. málsg. komi:
Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári,
en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir
keunarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða
yfirkeunarar.
Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis,
ljóss og hita, 1500 kr.
34. — 26. — Í stað »2200« komi:
2600
og í stað »1600« komi:
2000.

35. Við 27. gr. Fyrir »23.—25.« komi:
24. og 25.
36. — 29. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skuln þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.
37. — 32. — Greinin orðist svo:
Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.
Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., er hækka á sama hátt upp í 3500 kr.
Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.
Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.
Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.
Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 4500 kr.
Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeyp-
is húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.
38. — 33. — Orðin »í Reykjavík« á tveim stöðum falli burt.
39. — 33. — Fyrir orðin: »næsta haust á undan stríðinu« komi:
haustið 1914.
40. — 33. — Fyrir orðin: »á sama hátt« í næstneðstu línu fyrri málsgr. komi:
á þennan hátt.
41. — 33. — Á eftir: »hafi numið« í síðari málsgr. komi:
þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærrí eru.
42. — 33. — Síðasti málsliður greiðarinnar: »Launauppbót presta« til enda greinarinnar falli burt.
43. — 34. — Á eftir henni komi ný 35. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.